

25. október 2012

**Fréttatilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.**

**Efni:** Sölustöðvun og innköllun af markaði á „*Franskri lúxusbóku-Súkkulaðisælu*“ þar sem ekki kemur fram að varan inniheldur soja-lesitín, sem er ofnæmis- og óþopsvaldur.

Gott í kroppinn ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, ákveðið að innkalla af markaði vöruna „*Frönsk lúxusbaka-Súkkulaðisæla*“, þar sem varan inniheldur súkkulaði sem aftur inniheldur lesitín unnið úr sojabaunum, sem er þekktur ofnæmisvaldur. Ekki kemur fram á umbúðum vörunnar að hún inniheldur lesitín úr sojabaunum.

**Vöruheiti:** „*Frönsk lúxusbaka-Súkkulaðisæla*“.

**Nettóþyngd:** 480 g

**Sölu- og dreifingaraðili:** Gott í Kroppinn, Valhallarbraut 743, 235 Reykjanesbæ

**Umbúðir:** Plastöskjur

**Dreifing:** Verslanir Hagkaups (Spöng, Skeifunni og Smáralind).

Lesitín unnið úr sojabaunum er á lista yfir ofnæmis- og óþopsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþopsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að varan er skaðlaus fyrir þá sem ekki hafa ofnæmi fyrir soja afurðum. Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru haldnir ofnæmi fyrir soja afurðum eru beðnir um að farga henni eða skila til fyrirtækisins Gott í kroppinn gegn bótum. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristjánsson hjá Gott í Kroppinn ehf. í síma 869 3088 eða tölvupóstfangi: gik1@simnet.is

